

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Jón Kristjánsson

LAXA Í ÞING, OFAN BRUAR

Urriðaveiðin 1974

Fjöldit 17

Reykjavík
1975

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Jón Kristjánsson

LAXÁ Í ÞING, OFAN BRÚAR

Urriðaveiðin 1974

Inngangur

Efri hluti Laxár hefur jafnan verið annálaður fyrir mjög góða urriðaveiði og fiskurinn verið vænn og eftirsóttur. Því miður eru nær engar tölur til um árlegt veiðimagn eða annað sem máli skiptir á þessu svæði fram til ársins 1973. Þá var vatnasvæðið leigt einum aðila til stangveiði og það ár var haldinn skrá um veiðina í ánni. Þessi veiðiskrá var allgöð, m.a. var um 20% aflans lengdarmældur.

Vorið 1974 létt leigutaki útbúa ný veiðikort sem notuð skyldu um sumarið. Haft var samráð við Veiðimálastofnunina um gerð kortanna og um hvaða upplýsingar væru æskilegar. Veiðiverðir fylgdust með því að kortin væru fyllt út og að þeim væri skilað. Árangur varð mjög góður, þannig að nákvæmar upplýsingar hafa fengist um veiðina 1974 og um ýmis fiskifræðileg og veiðitæknileg atriði sem leggja grundvöll að réttri nýtingu árvæðisins. Hér á eftir fara helstu niðurstöður sem fengist hafa af veiðikortunum. Einnig eru niðurstöður aldursrannsóknna á urriða úr ánni.

Aflamagn

Tafla 1 bls. 4, sýnir urriðaveiðina 1974 og hvernig hún skiptist á hin ýmsu veiðisvæði, eins eru teknar með upplýsingar sem veiðikortin gefa um nýtni o.fl.

Einnig er sýnd veiðin 1973 og skipting hennar milli veiðistaða.

Alls veiddust 3084 fiskar og er það nærrí helmings aukning frá 1973 ef miðað er við fjölda fiska, en þá veiddust 1732 fiskar í ánni. Stafar þetta líklega mest af aukinni sókn, sem var 1055 stangveiðidagar 1974. Meðalafli á stöng pr. dag var því 2,92 fiskar.

Áætlaður heildarþungi veiði er fundinn út frá meðallengd aflans og miðað við að þyngdarstuðullinn, K, sé 1,4. Þetta gefur 1,48 kg. meðalþyngd á efra veiðisvæði og 1,65 kg. á neðra svæði. Heildarþunginn er því áætlaður um 4700 kg.

Lengdardreifing aflans

A veiðikortunum voru veiðimenn beðnir um að lengdarmæla afla sinn eftir því sem unnt væri. Telja verður einstakt hve vel menn brugðust við þessum tilmælum, því að á efra veiðisvæðinu (stangir 1-19) var 73,4% aflans mældur og 83,6% á neðra svæðinu (stangir 20-33).

Í töflu 2 bls. 5, hefur aflanum verið skipt í 3 sm. lengdarflokk og reiknuð út prósentudreifing fyrir hvern flokk. Með því að skipta aflanum í 3 sm flokka, jafnast út mæliskekkjur sem alltaf eru óhjákvæmilegar. Sjá einnig mynd 1, bls. 7.

Lengstu fiskarnir voru 70 sm, alls 4 stk. Veiddust þrír þeirra á Geirastöðum og einn í Geldingaey. Sé miðað við þyngdarstuðul (K) = 1,4 (en $K = \text{lengd}^3 / (\text{sm}/\text{þyngd} \times 100)$, hefur hver þeirra vegið um 4,8 kg.

Af töflunni sést að greinilegur munur er á lengdardreifingu efra og neðra veiðisvæðis. Fiskurinn á neðra svæðinu er jafnari, lítið af bæði smáfiski og stórum fiski. Orsakir þessa eru enn ekki ljósar.

Árangur veiðimanna.

Eins og áður sagði var meðalafli á dagsstöng 2,92 fiskar. Sú tala er meðaltal og segir því tiltölulega litla sögu.

Veiðikortin gefa hinsvegar mjög áhugaverðar upplýsingar um hvernig mönnum gekk að veiða. Því hefur verið búin til tafla sem sýnir fjölda veiðimanna (dagsstanga) sem fengu: engan fisk, einn fisk, two fiska o.s.frv. (sjá töflu 3 bls. 3 og mynd 3 bls. 9). Með því að margfalda saman fjölda veiddra á dagsstöng og fjölda stangardaga sem gáfu þann fjölda, fæst aflahlutur viðkomandi flokks. T.d. voru 52 dagsstengur sem veiddu 12 fiska, þær veiða því alls 624 fiska, sem er 20.2% af heildarafla. Þannig standa aðeins 4,9% veiðimanna að baki 20% aflans. Þau 48,8% stangardaga sem veiða annað hvort einn eða engan fisk leggja til 5,6% í heildaraflann.

Tafla 3

Afli miðaður við sókn

1	2	3	4	5
Fj. veiddra fiska á dagstöng	Fjöldi dagstanga	%	Fj. fiska alls (1 x 2)	% af heildar- afla
0	345	32,6	0	
1	172	16,2	172	5,6
2	122	11,5	244	7,9
3	83	7,8	249	8,1
4	65	6,1	260	8,4
5	62	5,8	310	10,1
6	43	4,1	258	8,4
7	33	3,1	231	7,5
8	27	2,6	216	7,0
9	25	2,4	225	7,3
10	18	1,7	180	5,8
11	12	1,1	132	4,3
12	52	4,9	624	20,2

Aldur og vöxtur

Tekin voru aldurs og vaxtarsýni af 26 fiskum á efra veiðisvæði og 6 fiskum á neðra svæði.

Tafla 4 bls. 6 sýnir niðurstöður aldursákvarðananna og á mynd 2 bls. 8 hafa tölurnar verið settar upp í svokallað vaxtarlinurit.

Árlegur meðalvöxtur fyrir urriða á Íslandi er um 5 sm á ári fyrstu 6 árin, svo sjá má að vöxturinn hjá Láxárurriðanum er langt yfir meðallagi og reyndar Íslandsmet, því ekki hefur enn fundist hér urriði með meiri meðalvöxt. Laxárurriðinn vext á 4 árum u.p.b. jafn mikið og meðaltalsfiskurinn á 6. Af töflunum sést að urriðinn virðist vaxa betur á neðra svæðinu. Þó eru sýnin of fá til þess að raunverulegt mark sé á takandi.

Niðurstöður þessa árs hafa gefið mikilvægar ábendingar um hvernig framtíðarrannsóknum skuli hagað. Meðal annars er á komandi sumri áætlað að merkja urriða til þess að kanna ferðir hans um vatnasvæðið og reyna að fá hugmynd um veiðiálag og stofnstærð.

Veiðimenn eiga sérstakar þakkir skildar fyrir góða gagnasöfnun og vonandi halda þeir áfram að veita rannsóknunum lið á komandi árum.

Iðla 1 Laxá í Pingeyjarsýslu Fan Brúar.

Urriðaveiðin 1974.

Stangar-númer	Veiðisvæði	Fjöldi stanga	Stangar-dagar alls	Notuð leyfi	Leyfa-nýtni fiska	Nt. % afli pr. nýtt leyfi	Br. % afli pr. dagar alls	Veiðin 73 Fjöldi fiska
1.2.3.	Geldingsey	3	312	94	30,1	295	3,14	0,95
4.5.	Arnarvatn	2	208	59	28,4	121	2,05	0,58
6.7.	Geirastaðir	2	208	92	44,2	309	3,36	1,49
8.9.10.	Helluvað	3	312	121	38,8	263	2,17	0,84
11.12.13.	Hofsstaðir	3	312	158	50,7	439	2,78	1,41
14.15.	Hofsstaðaey	2	208	95	45,7	436	4,59	2,09
16.17.	Brettingssstaðir	2	208	48	23,1	151	3,15	0,73
18.19.	Hamar	2	208	46	22,1	113	2,46	0,54
20.21.	Ljótsst.-Auðnir	2	208	40	19,2	72	1,80	0,35
22.23.24.	Hólar-Árhólar	3	312	66	21,2	131	1,98	0,42
25.26.	Auðnir-Pverá	2	208	58	27,9	141	2,43	0,68
27.28.	Árhv.-Kasthv.	2	208	55	26,4	222	4,04.	1,07
29.30.31.	Birningsstaðir	3	312	91	29,2	286	3,14	0,92
32.33.	Kasthv.-Presthv.	2	208	32	15,4	105	3,28	0,50

Fjöldi f.	Notuð l.	F/Leyfi	St.dagar alls	Sala
Efra svæði (stangir 1-19)	2127	713	2,98	36%
Neðra svæði (stangir 20-23)	957	342	2,80	1352 25%
	3084	1055	2,92	3328 31,7%

1732

Tafla 2

Urriði. Laxá í Þingeyjarsýslu.
Skipting mældra fiska í 3 cm
lengdarflokkum.

Lengd cm	1974					1973				
	EFFRA SVÆÐI		NEDRA SVÆÐI		SAMTALS Fjöldi	SAMTALS		SAMTALS		Summa %
	Fjöldi	%	Fjöldi	%		Summa	Fjöldi	%	Summa	
≤ 36	127	8,0	20	2,5	147	6,2	6,2	56	15,1	15,1
37-39	205	12,9	48	6,0	253	10,6	16,8	65	17,4	32,5
40-42	267	16,9	84	10,4	351	14,7	31,5	97	26,1	58,6
43-45	192	12,1	109	13,5	301	12,6	44,1	57	15,3	74,0
46-48	217	13,7	158	19,6	375	15,6	59,7	27	7,3	81,3
49-51	210	13,3	148	18,4	358	15,0	74,7	27	7,3	88,5
52-54	159	10,0	120	14,9	279	11,6	86,4	6	1,6	90,1
55-57	98	6,2	78	9,7	176	7,4	93,7	18	4,9	95,0
58-60	62	3,9	34	4,2	96	4,0	97,7	12	3,2	98,2
61-63	34	2,2	6	0,7	40	1,7	99,4	3	0,8	99,0
64-66	7	0,4			7	0,3	99,7	2	0,5	99,5
67-69	3	0,2	1	0,1	2	0,1	99,8	2	0,5	100,0
≥ 70	4	0,3			4	0,2	100,0			
Samtals:										2391
										806

Tafla 4. Útreiknaðar lengdir á urriða í Laxá 1974

Efra svæði:

Aldur	Árgangur	Fjöldi	L	1 ₁	1 ₂	1 ₃	1 ₄	1 ₅	1 ₆	1 ₇	1 ₈
3+	71	6	25,2	4,7	11,5	18,3					
4+	70	3	35,0	4,2	12,2	18,7	27,4				
5+	69	3	41,5	6,3	12,4	21,4	28,4	31,3			
6+	68	3	47,5	5,3	11,7	19,2	27,6	36,2	43,7		
7+	67	4	49,0	4,8	10,2	18,4	25,4	31,8	39,6	45,6	
8+	66	7	52,4	5,2	11,3	19,0	27,8	36,2	44,1	48,5	50,8
		26 Meðaltal:	5,1	11,5	19,0	27,4	35,0	42,6	47,5	50,8	

Neðra svæði:

Aldur	Fjöldi	L	1 ₁	1 ₂	1 ₃	1 ₄	1 ₅	1 ₆	1 ₇
3+-7+	6 Meðaltal:	5,3	12,8	22,2	31,4	39,7	45,4	50,6	50,8

L = meðallengd


1₁ = útreiknuð meðallengd við 1. vetur

1₂ = útreiknuð meðallengd við 2. vetur O.S. F.Y.W.

URRIDAVEIDIN I LAXA 1974

MYND 1

Skipting lengdarmældra fiska í 3 sm. lengdarflokkum.




LAKA 1974

MYND 2

VAXTARLINURIT FYRIR URRIDA


- 8 -

LENGD . cm



LAXA 74

AFLI MIDRADUR VID SÖKN



Myndin sýnir % dagstanga sem fengu: engan fisk, einn fisk,
tvo fiska o.s.frv.